

FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

271. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 28. júlí 2016 kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Guðjón Loftsson, Árborg Ragnarsdóttir og Ragnar Smári Helgason

Byggingarfulltrúi: Ólafur Jakobsson

Fundarritari: Guðjón Loftsson

Dagskrá:

1. **Erindi nr. 1607079.** Norðurbraut 22A, umsókn um byggingarleyfi fyrir starfsmannabúðir.
2. **Erindi nr. 1605081.** Umsókn um byggingarleyfi fyrir hesthús og reiðskemmu að Gröf í Víðidal.
3. **Erindi nr. 1605003.** Umsókn um skiptingu á húsinu að Höfðabraut 34 milli óskyldra aðila, setja nýjar aksturs- og göngudyr ásamt breytingum innanhúss.

Afgreiðslur:

1. **Erindi nr. 1607079.** Bjarni Þór Einarsson, kt. 310348-2449, sækir f.h. Reykjahöfða ehf, kt. 531207-1220 um byggingarleyfi fyrir starfsmannabúðir á lóðinni Norðurbraut 22A, landnr. 224462, sem í grunninn verða byggðar úr gámaeiningum sem settar verða á steypar undirstöður. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Bjarna Þór. Einnig fylgja teikningar sem sýna endanlega útfærslu hússins þannig að það fullnægi kröfum til gistiheimilis.
Skipulags- og umhverfisráð samþykkir uppsetningu starfsmannabúðanna, í samræmi við gr. 6.11.8. í byggingarreglugerð 112/2012, með eftirfarandi takmörkunum. Sækja skal um byggingarleyfi fyrir breytingu á húsinu úr starfsmannabúðum í gistiheimili eigi síðar en 1. mars 2017, ella skulu þær fjarlægðar. Teikningar af breytingu í húsinu í gistiheimili eru forsenda afgreiðslunnar og eru hluti af gögnum málsins. Samþykktin er einnig gerð með fyrirvara um fullnægjandi gögn og jákvæða umsögn Vinnueftirlits og Heilbrigðiseftirlits.
2. **Erindi nr. 1605081.** Vigfús Halldórsson, kt. 100760-5849, f.h. Ásmundar Ingvarssonar, kt. 121260-4989, sækir með erindi mótt. 17.05.2016 um byggingarleyfi fyrir hesthús og reiðskemmu að Gröf í Víðidal, landnúmer 177463. Innkomnar nýjar teikningar 8. júlí 2016.
Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn og bendir á að sækja þarf um breytingu á mhl. 04 úr hlöðu í hesthús.
3. **Erindi nr. 1605003.** Karl Sigurgeirsson, kt. 121243-4669, sækir f.h. Fasteignafélagsins Borgar ehf, kt. 680998-2059, um að skipta húsinu að Höfðabraut 34 milli óskyldra aðila, gera nýjar akstursdyr og nýjar göngudyr ásamt því að stækka verslunarrými með samsvarandi minnkun á saumastofu. Innkomnar nýjar teikningar 11. júlí 2016.
Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að afgreiðslur ráðsins jafngilda EKKI byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfið þegar öll tilheyrandi gögn hafa borist og sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur staðfest fundargerðina.

Fundargerð upplesin og samþykkt. **Fundi slitið kl. 18:37.**

Guðjón Þórarinn Loftsson

Árborg Ragnarsdóttir

Ragnar Smári Helgason

Ólafur Jakobsson
